# Indriðastaðahlíð á Indriðastöðum í Skorradalshreppi

# Breyting á deiliskipulagi, Indriðastaðahlíð 104-106

## Gildandi deiliskipulag með áorðnum breytingum Mkv. 1:2500




## Breyting á deiliskipulagi Mkv. 1:2500




## Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022




## Skýringar deiliskipulags

- Mörk skipulagsvæðis
- Jarðamörk
- Lóðamörk
- Lóð sem breytingartillagan nær til
- Byggingarreitur
- Vegstæði
- Útivistarsvæði
- Göngustígur
- m² Stærð lóðar
- nr Númer lóðar
- nr Landnúmer
- Mænisstefna
- Bílastæði
- Brunahani
- Skriðusvæði
- Lækur
- Bygging

## Lýsing á breytingu og rökstuðningur

Breyting er gerð á deiliskipulagi Indriðastaðahlíðar í Skorradalshreppi sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 30.10.2006, staðfest með auglýsing nr. 985/2006 í B-deild Stjórnartíðinda og síðar breytt af sveitarstjórn og staðfest með auglýsingum nr. 638/2009, 803/2009, 824/2009 og 69/2031 í B-deild Stjórnartíðinda. Hjálögð breyting er í samræmi við aðalskipulag Skorradalshrepps. Hún felur í sér að frístundalóðir nr. 104 (landnr. 211139) og 106 (landnr. 211140) í Indriðastaðahlíð eru sameinaðar í eina lóð með númerið 106. Byggingarreitir lóða sameinast í einn byggingarreit. Stærð lóðar eftir sameiningu verður 11.026 m². Leyfilegt byggingarmagn breytist úr 560 m² í 300 m². Heimilaður fjöldi bygginga fara úr sex í þrjár.

BYGGINGARSKILMÁLAR FYRIR BREYTINGU

3.2 Byggingarreitir.

Allar fyrirhugaðar byggingar hafa tiltekinn byggingarreit. Hnit byggingarreita styðjast við landshnitakerfi ÍSNET 93. Byggingar skulu staðsettar innan byggingarreits í fullu samráði við byggingarfulltrúa og byggingarnefnd. Innan byggingarreits frístundalóðar er heimilt að reisa aukahús, s.s. geymslu, golfbílaskúr, svefnhýsi og/eða sánu svo framarlega sem það sé við frístundahúsið og tengist því með sólpalli, skjólvegg eða burðarbita. Sjálfstæðar byggingar eru ekki leyfðar.

3.3 Húsbyggingar.

Stærð: Hámarksstærð frístundahúss er 280 m², að meðtöldu aukahúsi.

BYGGINGARSKILMÁLAR EFTIR BREYTINGU

3.2 Byggingarreitir.

Allar fyrirhugaðar byggingar hafa tiltekinn byggingarreit. Hnit byggingarreita styðjast við landshnitakerfi ÍSNET 93. Byggingar skulu staðsettar innan byggingarreits í fullu samráði við byggingarfulltrúa og byggingarnefnd. Innan byggingarreits frístundalóðar mega standa 3 hús; frístundahús og tvö aukahús, s.s. geymslu, golfbílaskúr, svefnhýsi og/eða sána.

3.3 Húsbyggingar.

Stærð: Hámarks byggingarmagn á lóð 106 er samanlagt 300 m². Hámarksstærð aukahúss má vera 35 m² hvort.

## Gildandi deiliskipulag, samþykkt í sveitarstjórn þann 11.06.2009, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 2009/638.




## Samþykkt

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá 15.03.'16 til 15.04.'16

var samþykkt í sveitarstjórn þann 15.06.2016

ODDVITI SKORRADALSHREPPS

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 12.07.2016

Indriðastaðahlíð í Skorradalshreppi
Breyting á deiliskipulagi,
Indriðastaðahlíð 104-106

landlinur hönnun og skipulag

| Mælikvarði | Dagsetning | Verkheiti | Skráarheiti | Uppdráttur |
|---|---|---|---|---|
| 1:2500 (A2) | 04.02.2016 | d276-Indriðastaðahlíð | d276-br.6.dgn | URP |


Borgarbraut 61, 310 Borgarnes - sími 4351254
landlinur@landlinur.is - www.landlinur.is

Ulla R. Pedersen
Landslagsarkitekt FÍLA